

Gos í Eyjafjallajökli - staða 8. maí 2010 kl. 14:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Hjaltadóttur, Birni Oddssyni, Sigrúnu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, tilkynningum frá farþegaflugvélum, MODIS og NOVAA gervihnattamyndum og tilkynningum á vef VÍ.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): 18-20.000 ft/5,5-6 km um kl 08:00 (athugun úr innanlandsflugi). 15-17.000 ft/4,5-5 km kl. 12-13:00 (flug vísindamanna með Erni).

Stefna: Suðaustur (skv gervitunglamyndum MODIS kl. 05:30 og NOAA kl 06:57 og 11:12)

Litur: Ljós grár.

Gjóskufall: Í Vík og næsta nágrenni. Örlítill fingerð og dökk aska greindist á hvítum diskum á Hvolsvelli í morgun.

Eldingar: Hafa ekki mælst síðsta sólarhringinn.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Svipað og í gær. Dægursveiflur í vatnsmagni og hita.

Aðstæður á gosstað: Kröftugt sprengigos í gangi. Klepragígur heldur áfram að hlaðast upp og nálgast brún ísketilsins. Gosmökkur stígur ekki beint upp af gíg, heldur beygir undan vindi. Stakir bólstrar myndast í öflugustu sprengingunum. Gjóskufall nálægt gíg hefur minnkað töluvert síðan 6. maí. Hraunrennsli niður Gígjökul er í lágmarki og hefur tungan ekki hreyfst undanfarna daga. Gufuvirkni við hrauntauminn er nánast engin. Lítil hraunrás kemur fram á hitamyndavél ofarlega í hrauntröðinni.

Órói: Breytist lítið frá því í gær, svipaður á öllum tíðniböndum á næstu stöðvum.

Jarðskjálftar: Dreigið hefur úr jarðskjálfavirkni. Tveir skjálftar um 1,2 að stærð mældust um 11-leytið í morgun á 9 og 12 km dýpi. Tveir álíka bættust við um kl. 14:00.

GPS-aflögun: Engar marktækar breytingar hafa orðið á GPS færslum umhverfis Eyjafjallajökul síðustu tvo sólarhringa

Heildarmat:

Enn er kröftugt sprengigos í gangi. Lítið sem ekkert hraunrennsli er niður Gígjökul og gufuvirkni þar í lágmarki. Dregið hefur úr sprengivirkni og gosið líkist nú því sem var fyrir aukninguna að kvöldi 5. maí og 6. maí. Enn má búast við gjóskufalli í nærsveitum en ekkert í líkindum við það sem var fyrstu daga gossins m.v virkni gossins í dag.